

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 156 – 30.04.2012

Mánudaginn 30. apríl árið 2012, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Ársreikningur Skagafjarðarveitna ehf fyrir árið 2011
2. Samningur við Jarðboranir hf
3. Lánamál Skagafjarðarveitna ehf
4. Svarbréf frá Lánasjóði sveitarfélaga
5. Starfslokasamningur veitustjóra
6. Önnur mál
 - a. Fundur með fulltrúum Hólalax og FISK Seefood
 - b. Framtíðarskipulag Skagafjarðarveitna ehf

Afgreiðslur:

1. Lagður fram ársreikningur Skagafjarðarveitna ehf vegna starfsársins 2011. Kristján Jónasson endurskoðandi KPMG Sauðárkróki fór yfir og skýrði ársreikninginn.
2. Rætt um samning við Jarðborannir hf vegna borunar á holu SK-32 í Hrolleifsdal. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að fela Páli að ganga frá samningum.
3. Farið yfir lánamál Skagafjarðarveitna ehf. Kristján Jónasson sat fundinn undir þessum lið. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að bjóða út lán að upphæð 250 milljónir til 20 til 25 ára vegna endurfjármögnunar eldri lána. Kristjáni Jónassyni falið að vinna tilboðsgerðina.
4. Lagt fram svarbréf dags 17. apríl 2012 frá Lánasjóði sveitarfélaga við bréfi sem Ergó lögmennt rituðu fyrir hönd sveitarfélagsins til Lánasjóðs sveitarfélaga varðandi lánsamning 20/2007. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf tekur undir samþykkt Byggðaráðs Sveitarfélags Skagafjarðar frá 26.04.2012 að fela sveitarstjóra að sækja rétt sveitarfélagsins í máli þessu.
5. Lagður fram starfslokasamningur við veitustjóra, hann samþykktur og undirritaður.
6. Önnur mál
 - a. Einar og Páll gerðu grein fyrir fundi sem þeir áttu með með fulltrúum Hólalax og FISK Seefood vegna áætlaðar aukningar notkunar á heitu vatni í framtíðinni hjá þessum fyrirtækum.
 - b. Rætt var um framtíðarskipulag Skagafjarðarveitna ehf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.15
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Jón Magnússon (sign)
Úlfar Sveinsson (sign)
Páll Pálsson veitustjóri (sign)